



20. október 2021
Tilv.: 2107092

Númer: 60/2021

Dreifibréf til verðbréfafyrirtækja, lánastofnana, rekstrarfélaga verðbréfasjóða, leyfisskylda rekstaraðila sérhæfðra sjóða og annarra sem málið varðar.

Efni: Viðmiðunarreglur ESMA um tiltekin atriði varðandi kröfur um regluvörslueiningar samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga

Evrópska verðbréfaeftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur um regluvörslueiningar (ESMA35-36-1952 Guidelines on certain aspects of the MiFID II compliance function requirements). Viðmiðunarreglurnar gilda um regluvörslueiningar hjá verðbréfafyrirtækjum, lánastofnunum, rekstaráðilum markaða, rekstrarfélögum verðbréfasjóða og leyfisskyldum rekstaráðilum sérhæfðra sjóða.

Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á fót samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES. Markmið þeirra er að stuðla að meiri samleitni í túlkun og eftirlitsaðgerðum í tengslum við MiFID II regluverkið sem og að styrkja fjárfestavernd.

Þann 1. september 2021 tóku gildi lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, en löginn innleiða ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (MiFID2) í íslenskan rétt.

Ákvæði 2. mgr. 16 gr. MiFID2 tilskipunarinnar er innleitt í 21. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Þar er fjallað almennt um skipulagskröfur, þ.m.t. um reglur og verkferla sem tryggja eiga að fyrirtækið, stjórn þess, starfsmenn og einkaumboðsmenn fari að lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Reglugerð (ESB) 2017/565 var einnig innleidd með lögunum, sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr. þeirra. Í 2. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar kemur fram að verðbréfafyrirtæki skuli koma á og viðhalda varanlegri og skilvirkri regluvörslu sem sé sjálfstæð. Umræddar viðmiðunarreglur eru nánari útfærsla á ákvæðunum.

Viðmiðunarreglunum er skipt upp í eftirfarandi þætti:

1. Ábyrgð regluvörslueininga

a) Mat á hlítingaráhættu

Viðmiðunarreglurnar veita leiðbeiningar um hlutverk regluvörslueininga við mat á hlítingaráhættu, en niðurstöður matsins ætti m.a. að nýta við gerð verkáætlana regluvörslu og við skilvirka ráðstöfun á aðföngum hennar. Við matið ætti að hafa

hliðsjón af skyldum samkvæmt lögum og reglum, stefnum og verkferlum sem eiga við um fjárfestingarþjónustu- og starfsemi fyrirtækisins. Einnig ættu niðurstöður athugana og niðurstöður innri og ytri endurskoðunar að koma til álita.

b) Skyldur regluvörslueininga við eftirlit

Markmið áhættumiðaðs eftirlits ætti að vera að meta hvort starfsemi fyrirtækis sé í samræmi við lagaskyldur og hvort innri reglur, verklag, skipurit og ráðstafanir vegna innri eftirlitskerfa séu skilvirkar og viðeigandi til að tryggja eftirlit með hlítungaráhættu. Eftirlit regluvörslueininga ætti einnig að fela í sér að starfsmenn mæti á starfsstöðvar annarra sviða til að sinna eftirliti og athugunum. Í viðmiðunarreglunum eru talin upp töl og tæki sem regluvörslueiningar geta notað við eftirlit, t.d. áhættumælitæki á borð við áhættuvísa, skýrslur til stjórnenda, viðtöl o.fl. Eftirlitsáætlun regluvörslu ætti að endurspeglar breytingar á áhættusniði (e. Risk profile) fyrirtækis, s.s. við yfirtökur, breytingar á upplýsingatæknikerfum eða við endurskipulagningu. Eftirlitsáætlun ætti einnig að taka til innleiðingar úrbótaráðstafana og skilvirkni þeirra, sem gripið er til vegna brota á ákvæðum laga um markaði fyrir fjármálagerninga, reglugerð eða reglum. Regluvörslueiningar ættu að koma að eftirliti með meðhöndlun kvartana og nýta upplýsingar um kvartanir í eftirliti sínu.

c) Skyldur regluvörslueininga við skýrslugjöf

Samkvæmt viðmiðunarreglunum ættu þær skýrslur sem regluvörslueiningum ber að skila til stjórnar að fjalla um öll svið fyrirtækisins sem sinna fjárfestingarþjónustu- og starfsemi og viðbótarþjónustu og skýra frá ástæðum þess ef það er ekki gert. Í viðmiðunarreglunum er að finna hvaða upplýsingar skýrslur til stjórnar ættu að innihalda, en ekki er um tæmandi lista að ræða. Fyrirtæki ættu að haga skipuriti þannig að regluvörslueining og eining sem sér um meðhöndlun kvartana séu aðskildar. Ef þessi hlutverk eru hins vegar starfrækt saman, ætti skýrsla til stjórnar að taka á álitaefnum sem koma upp vegna hagsmunaárekstra milli eininganna, þ.m.t. ef í ljós koma tilvik þar sem fyrirtækið hefur ekki meðhöndlað kvartanir í samræmi við skyldur sínar.

d) Skyldur regluvörslueininga við ráðgjöf og aðra aðstoð

Samkvæmt viðmiðunarreglunum ættu fyrirtæki að tryggja að regluvörslueiningar sinni ráðgjafarhlutverki, þ.á m. aðstoði starfsfólk og stjórnendur í daglegum verkefnum og taki þátt í að koma á stefnum og verklagi. Fyrirtæki ættu að tala fyrir og stuðla að hlítungarmenningu með stuðningi frá framkvæmdastjórn þeirra. Samkvæmt viðmiðunarreglunum ættu regluvörslueiningar einnig að koma að þjálfun starfsfólks á sviðum þar sem fjárfestingarþjónusta er veitt og fjárfestingarstarfsemi er stunduð og eftirliti með því að viðkomandi starfsfólk hafi næga þekkingu og beiti stefnum og verklagi fyrirtækisins á réttan hátt, í samstarfi við stjórnendur. Þá ættu fyrirtæki að tryggja samráð við regluvörslueiningar ef gerðar eru verulegar breytingar á skipulagi fyrirtækisins hvað varðar fjárfestingarþjónustu-, starfsemi og viðbótarþjónustu, þ.m.t. þegar ákveðið er að bjóða upp á nýja þjónustu, nýjar vörur eru samþykktar og þegar starfskjarastefna er

skilgreind. Regluvörslueiningar ættu að hafa rétt til að taka þátt í vörusamþykktarferli framleiðenda og dreifingaraðila eins og við á. Þá ættu fyrirtæki að tryggja samráð við regluvörslueiningar þegar um er að ræða samskipti við lögbær yfirvöld sem ekki eru hluti af reglulegum samskiptum þegar kemur að fjárfestingarþjónustu- og starfsemi.

2. Skipulagskröfur tengdar regluvörslueiningum

a) Skilvirkni regluvörslueininga.

Viðmiðunarreglurnar veita m.a. leiðbeiningar um hvernig stuðla megi að skilvirkni regluvörslueininga, s.s. með því að mæta þörfum þeirra hvað varðar fullnægjandi mannafla, aðföng á sviði upplýsingatækni, fjármagn og aðgang að viðeigandi upplýsingakerfum, gagnagrunnum og skráum fyrirtækisins til að tryggð sé yfirsýn einingarinnar yfir mikilvægar og viðkvæmar upplýsingar. Þá eru veittar leiðbeiningar um hvernig tryggja ætti að regluvörslueiningar hafi ítarlega þekkingu á skipulagi, fyrirtækjamenningu og ákvörðunartökufæri fyrirtækisins.

b) Þekking, færni og reynsla og umboð regluvörslueininga.

Viðmiðunarreglurnar veita m.a. leiðbeiningar um þá þekkingu, færni og reynslu sem starfsmenn regluvörslueininga þurfa að búa yfir og hvaða valdheimildir regluvörslueiningin á að hafa til að geta sinnt skyldum sínum tengdum hlítningaráhættu. Til að tryggja að regluvörslueiningin hafi fullnægjandi umboð til sinna starfa ætti framkvæmdastjórn fyrirtækisins að styðja við eininguna við framkvæmd þeirra.

c) Varanlegar regluvörslueiningar.

Viðmiðunarreglurnar útfæra nánar skyldur skv. 2. mgr. 22. gr. reglugerðar 2017/565 sem kveður m.a. á um hvernig fyrirtæki skulu tryggja að regluvörslueiningar sé varanlegar. Viðmiðunarreglurnar gefa leiðbeiningar um hvernig tryggja ætti slíkt í fjarveru regluvarðar og um setningu stefnu um regluvörslu eða aðra almenna stefnu eða innri reglur um ábyrgð, valdsvið og valdheimildir regluvörslueininga o.fl. Viðmiðunarreglurnar veita leiðbeiningar um samfellu í starfsemi regluvörslueininga, sem ætti að fela í sér eftirlit á grundvelli eftirlitsáætlunar sem nær yfir helstu atriði fjárfestingarþjónustu- og starfsemi fyrirtækisins og skjót viðbrögð einingarinnar þegar óvæntir atburðir eiga sér stað.

d) Sjálfstæði regluvörslueininga.

Viðmiðunarreglurnar veita leiðbeiningar um hvernig tryggja ætti sjálfstæði regluvörslueininga og hvernig þær ættu að geta sinnt verkefnum sínum óháð framkvæmdastjórn og öðrum sviðum fyrirtækisins. Viðmiðunarreglurnar fela einnig í sér tilmæli um tilhögun skipurits og að komið sé á ferli sem tryggir aðgengi regluvörslu að framkvæmdastjórn kalli aðstæður eða atburðir á slíkt. Þá ætti að skrásetja tilvik þar sem framkvæmdastjórn vikur frá mikilvægum tilmælum eða greiningum regluvörslueininga.

e) Hlutfallsreglan með hliðsjón af skilvirkni regluvörslueininga.

Í 4. mgr. 22. gr. reglugerðar 2017/565 er kveðið á um hlutfallsreglu hvað varðar tiltekin atriði í 3. mgr. sömu greinar. Viðmiðunarreglurnar veita m.a. leiðbeiningar um hvaða viðmið fyrirtæki ættu að lágmarki að líta til við mat á því hvort nýta megi undanþágu frá skyldum varðandi skilvirkni regluvörslueininga að teknu tilliti til eðlis, umfangs og flækjustigs starfseminnar og eðli og umfangi fjárfestingarþjónustu- og starfsemi þess. Tekið er fram að lögbær yfirvöld geti notast við viðmiðin við skilgreiningu á því hvaða fyrirtæki geti nýtt sér hlutfallsregluna. Fyrirtæki sem nýta sér undanþáguna ættu að skrásetja rökstuðning fyrir þeirri ákvörðun svo að lögbært yfirvald geti lagt mat á ráðstöfunina.

f) Sameining regluvörslueininga og annarra eftirlitseininga.

Tekið er fram í viðmiðunarreglunum að fyrirtæki ættu að hafa skipurit þar sem gert er ráð fyrir aðskilnaði eftirlitseininga. Viðmiðunarreglurnar veita m.a. leiðbeiningar um staðsetningu regluvörslueininga í skipuriti og um mögulega aðkomu starfsmanna regluvörslueininga að öðrum verkefnum fyrirtækis og hvaða kröfur ætti að uppfylla þegar regluvarsla er sameinuð öðrum einingum. Í þeim tilvikum sem regluvarsla er sameinuð annarri eftirlitseiningu eða þegar regluvörslu eru færð viðbótarverkefni, ættu fyrirtæki að tryggja að regluvörslueiningar hafi nægt bolmagn til að sinna skyldum á grundvelli laga um markaði fyrir fjármálagerninga.

g) Útvistun regluvörslu.

Viðmiðunarreglurnar veita frekari leiðbeiningar er varðar útvistun á regluvörslu. Við útvistun regluvörslu gilda sömu kröfur og um útvistun nauðsynlegra og mikilvægra verkefna í starfsemi fyrirtækis. Fram kemur í viðmiðunarreglunum að fyrirtæki ætti m.a. að framkvæma áreiðanleikakönnun við val á útvistunaraðila til að tryggja að kröfur um starfsemi regluvörslu og um útvistun séu uppfylltar. Þá ættu fyrirtæki að hafa eftirlit með því hvort útvistunaraðili uppfylli skyldur sínar með fullnægjandi hætti. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á eftirliti með útvistuum verkefnum og ætti þar af leiðandi að hafa nægilegt bolmagn og sérfræðipækkingu. Útvistun regluvörslu ætti ekki að leiða til þess að gæði eða sjálfstæði eininganna minnki, rekstraráhætta aukist eða að dregið sé úr innra eftirliti eða getu fyrirtækisins eða eftirlitsaðila til að hafa eftirlit með hlítni.

3. Eftirlit lögbærra yfirvalda með regluvörslueiningum

Viðmiðunarreglurnar veita leiðbeiningar um eftirlit lögbærra yfirvalda sem snýr að regluvörslueiningum. Þar á meðal eru leiðbeiningar um atriði sem lögbær yfirvöld ættu að hafa í huga við afgreiðslu umsóknar um starfsleyfi og í áhættumiðuðu eftirliti sínu. Þá eru sett fram dæmi um eftirlitsframkvæmd sem tengist regluvörslueiningum sem viðhöfð er í sumum ríkjum á EES-svæðinu sem gagnast geta lögbærum yfirvöldum.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitkerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum.

Dreifibréf þetta mun birtast á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á ensku útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlitið mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglunar við eftirlitsframkvæmd.

Fjármálaeftirlitið beinir því til verðbréfafyrirtækja, lánastofnana, rekstaraðila markaða, rekstrarfélaga verðbréfasjóða og leyfisskylda rekstaraðila sérhæfðra sjóða að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á.

Þá er vakin athygli á því að með birtingu viðmiðunarreglna þessa falla úr gildi leiðbeinandi tilmæli nr. 5/2011 um stöðu og verksvið regluvörslu fjármálafyrirtækja.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS



Páll Friðriksson

framkvæmdastjóri

markaðir og viðskiptahættir



Inga Dröfn Benediktsdóttir

forstöðumaður

markaðir og viðskiptahættir

